

Nd.

527. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. (*Bakkahjerað*).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Þótt telja megí nauðsyn á að skifta Hróarstunguhjeraði í tvö læknishjeruð, þá eru engar líkur til þess, að þangað fáiast læknir í bráð, og virðist því engu slept, þótt mál þetta bíði. Minni hlutinn ræður því til að afgreiða frumvarpið á þingskj. 56 með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Með því að engar líkur eru til þess, að læknir fáist fyrst um sinn í nýtt læknishjerað það, er í frumvarpinu á þgskj. 56 segir, þótt stofnað verði, telur deildin þýðingarlaust að samþykkja frumvarp þetta nú, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. ágúst 1919.

Einar Arnórsson,
formaður.